

Mál nr. 393/2017
M og
vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar bifreiðarinnar A.

Tjón á bifreið vegna ofhitnunar á vél 18.11.2017.

Gögn.

1. Málskot móttækið 30.11.2017 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags. 18.12.2017 ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

M ók bifreið sinni A út af í Bröttubrekku. A var síðan híð upp á veginn af annarri bifreið. Ökumaður A ók síðan inn í Hítardal og þegar hann síðan ók frá Hítardal varð hann þess var að vél A fór að hitna og sótti ökumaður vatn og fékk brúsa með vatni og segist hafa bætt vatni á kælikerfið þegar hann sá að vélin fór að hitna. Bifreiðaverkstæði mat síðar að heddið í A væri ónýtt vegna ofhitnunar á vél. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu á tjóni því sem varð á bifreiðinni vegna útafakstursins, en hins vegar hafnar V að bæta tjónið á heddinu. M krefst bóta á heddinu og segir miðstöð A hluta af kælikerfi bifreiðarinnar og segist M hafa gengið í kring um A eftir að hún var dregin upp og ekki orðið var við að neitt væri að. V segist hafa viðurkennt bótaskyldu vegna þess tjóns sem varð við útafaksturinn, en segir að tryggingin taki ekki til vélarbilunar sem stafi af akstri bifreiðar án þess að nokkuð utanaðkomandi tjónsatvik komi til. Tjónið á vélinni segir V að sé tilkomið vegna aksturs A eftir útafaksturinn, en vélin hafi verið í lagi eftir útafaksturinn og hafi M ekki sýnt fram á að tjónið á vélinni hafi orðið við það að bifreiðinni var ekið út af veginum.

Álit.

Í 4. gr. skilmála kaskótryggingarinnar er skilgreint hvert bótasvið vátryggingarinnar er. Samkvæmt grein 4.4. bætir vátryggingin tjón á vátryggðu ökutæki vegna útafaksturs. Ljóst er af gögnum málsins að vél A skemmdist ekki við útafaksturinn heldur nokkru síðar þegar hún ofhitnaði eftir að kælivatn hafði lekið af henni og hún ofhitnað með þeim afleiðingum að heddið varð ónýtt. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki séð að vél A hafi orðið fyrir skemmdum við útafaksturinn og fellur því utan við bótasvið vátryggingarinnar. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingunni hvað varðar tjón á vélinni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna skemmda á vél A úr kaskótryggingu hennar hjá V.

Reykjavík 16.1. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.